

Komið sæl

Það verður mikið að gera hjá okkur í maí eins og aðra mánuði ársins. Þann 7-11 verður opin vika í Krílakot og hvetjum við foreldra til að heimsækja okkur og taka þátt í starfinu. Dagskrá má sjá á næstu síðu. Árgangur 2008 heimsækir Kátakot enda styttist í að þau börn flytji sig á næsta skólastig. Stúlkurnar hætta í Krílakoti um næstu mánaðarmót en drengirnir munu vera hjá okkur fram að sumarlokun. Aðlögun nýrra barna verður í júní og svo í ágúst.

Starfsfólk skólans ætlar að leggja land unír fót og kynna sér skólastarf í London. Heimsóttir verða tveir leikskólar, leikfangasafn og sögusetur sem er fjölbreytt og má segja að við séum að fara að heimsækja litla ævintýraveröld. Við munum gefa út skýrslu að lokinni ferð sem foreldrar munu hafa aðgang að á heimasíðu skólans. **Leikskólinn verður lokaður þann 16. og 18 maí vegna ferðarinnar.**

Þann 24. maí verður sveitaferð og ætlum við að flagga Grænfánanum þann sama dag sem er stór viðburður. Foreldrafélagið mun leggja okkur lið í að gera daginn eftirminnilegan.

Útskriftarferð árgangs 2008. Börn og kennarar ætla að gera sér glaðan dag þann 29. maí.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

**Starfsfólk Krílakots á ferð og flugi
Lokað allan daginn þann 16. maí og
18 maí 2012.**

Grænfáninn

Við munum flagga fánanum okkar þann 24. maí klukkan 11:00 að lokinni sveitaferð. Að lokinni athöfn mun foreldrafélagið bjóða gestum og gangandi upp á grillaðar pylsur.

Hlökkum til að sjá ykkur öll

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir

Ívar Örn Vignisson


Kornelia Anna Klimek

Mariusz Robert Klimek

Óliver Hilmarsson

Hólmfríður Guðrún Skúladóttir

Tryggvi Kristjánsson



Vorhátíð verður 24 maí.

Sveitaferð og Grænfánahátíð

Nánar auglýst síðar

Farið verður í sveitina um 09:00

Grænfánahátíð 11:00

Foreldrar velkomnir með okkur

Verndum umhverfið

Vinsamlegast drepjið á
bílunum við leikskólann.



Foreldrakönnun 2012

Við viljum þakka öllum sem gáfu sér tíma til að taka þátt í foreldrakönnun Krílakots. Við þökkum allar ábendingar og munum nýta okkur þær til að halda áfram að byggja upp gott skólastarf í Krílakoti. Við viljum minna á að foreldrar geta alltaf pantað samtali við kennara/skólastjóra ef þeim liggur eitthvað á hjarta varðandi nám og þroska barna sinna og veru þeirra hér í Krílakoti.

**Gott samstarf við foreldra
er grunnur að góðu
skólastarfi.**



**Foreldraráð 2011-2012
Vinum saman að velferð
barna okkar og leikskólans.**

**Guðrún Anna Óskarsdóttir
Dagur Óskarsson
Nimnual Khakhlong**

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Útskriftarferð

Árgangur 2008 mun fara í útskriftarferð með kennurum sínum þann 29. maí. Þau ætla að leggja upp í óvissuferð sem verður gaman að heyra af síðar.

Öll börnin þurfa að vera mætt kl: 09:00

Komið verður til baka úr ferðinni um klukkan 13:00

Opin vika 2012

Vikuna 7-11 maí verður opin vika í Kríflakoti. Foreldrum barna, fjölskyldum þeirra, vinum og öðrum áhugasömum er velkomið að heimsækja okkur. Hægt verður að heimsækja okkur á opnunartíma eða frá 7:30-16:15. og taka þátt í leik og starfi með börnum og kennurum. Fólki er velkomið að kíkja oftar en einu sinni yfir vikuna.

Í opnu vikunni verður hefandið skólastarf.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Skýjaborg	09:00 Könnunarleikur— hreyfistund 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Könnunarleikur— hreyfistund 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Val 10:00 Útivera 11:00 Samvera / Tónar	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera 15:00 Útivera
Skakkaland	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 15:00 Útivera	09:00 Val 10:00 Útivera 11:00 Samvera / Tónar 15:00 Útivera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 15:00 Útivera	09:00 Val 10:00 Útivera 11:00 Samvera 15:00 Útivera	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera 15:00 Útivera
Hólakot	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Val 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Val 10:00 Útivera 11:00 Samvera/ Tónar	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera 15:00 Útivera